Brødratunga.

Brødratungar er nýbýli og var stofnad til þess 1910 af brødrunum Jóni Sigurðssyni í Starkaðar húsum og Sigurði Sigurðssyni síðar bónda á Stokkseyri, en þeir voru ~~ad~~ með þessu að aðstoða föður sinn, Sigurð Sigmundsson, sem þá var við aldur og bjó í þurrabúð. Stofnum að býlinu voru 2 ha, mói, í landi Stokkseyrar með beitarrétti í óskiftu landi, en síðar var bætt við 1 ha – alt leiguland eða erfðafesta. Árið 1920 keypti Árni Tómasson, síðar hreppsstjóri, býlið en nytjaði jafnframt Ásgautsstaði, sem hann svo keypti 1927 en seldi aftur 1931 „félagi 9 manna", Ásgautsstaðafélaginu. Við sölu Ásgautsstaða hélt Árni eftir móa, ~~7½ ha~~ sem lá að landi Brødratungu, 7½ ha, røktaði, og bjó þanneg á 10 ha úrvals túni. Síðar bætti Árni við sig Borgarholti og var þetta þá orðin all vøn bújörð, sem Árni sat til dauðadags, 1971, ásamt konu sinni Magneu Einersd. Nú hefur Stokkseyrarhreppur keypt Brødratungu, selt aftur húsin á leigulóð, og standa þau auð.

Á undan Árna Tómassyni bjó hér Sigurður Sigmundsson Jón sonur hans o. fl. Fellur aftur úr tölu jarða.

Byggingar: 7 búðarhús úr timbri, b. 1910, 275 m³, fjós, b. 1940 f. 14 grípi, fjárhús f. 60 fjár, hesthús f. 10, hlöða 600 m³, hauzhús 140 m³, mjólkurhús 70 m³, Bogaskemma 80 m³. Fasteinamat '77, land 975 þús., íbúð 522 þús., útihús 639 þús.